



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
í hátíðarkvöldverði
Frederik X. Danakonungs
Kristjánsborgarhöll
8. október 2024**

Yðar hátign Friðrik X. konungur,
yðar hátign Mary Elizabeth drottning,
yðar konunglegu tignir og aðrir tignir gestir,
ráðherrar,
dömur og herrar!

Það er sannur heiður að fá að ávarpa ykkur á svo hátíðlegri stundu hér í Kristjánsborgarhöll. Okkur Birni, eiginmanni mínum, er efst í huga þakklæti til konungshjónanna fyrir þær höfðinglegu móttökur sem við og fylgdarlið okkar fengum í dag. Þúsund þakkir!

Þúsund þakkir. Þetta orðalag til að tjá þakklæti sitt er sameign okkar á öllum Norðurlandamálum. En jafnvel *þúsund þakkir* ná tæpast utan um þakklæti okkar til gestgjafanna sem hafa tekið hér á móti okkur af einstakri hlýju og gestrisni.

Ég ætla að halda áfram á ensku héðan af svo að flest sem hér eru geti skilið.

Íslandssagan er samofin sögu ykkar merka lands, og það sama á við um hagsmuni íslensku þjóðarinnar sem heildar, en ekki síst þeirra fjölmörgu samlanda minna sem hafa búið, numið eða starfað hér í Danmörku. Raunar sýndi nýleg skoðanakönnun að Danmörk er það land sem flestir Íslendingar kysu helst að búa í, ef þeir flyttu af landi brott. Römm er sú taug sem tengir þessar þjóðir enda var Danmörk okkar annað heimili öldum saman.

Um það leyti sem Íslendingar slitu barnsskónum sem sjálfstæð þjóð horfðum við til stjórnámálaleiðtoga okkar, þjóðskálda og annarra

áhrifamanna sem margir hverjir höfðu stundað nám og verið búsettir í Danmörku. Þeir sneru aftur heim innblásnir, undir dönskum áhrifum. Enn þann dag í dag flykkjast íslenskir námsmenn til Danmerkur og afla sér menntunar í ykkar öflugum háskólum. Á margan hátt hefur íslensk sjálfsmynd því verið mótuð af því sem við eigum sameiginlegt með Danmörku en einnig af hinu sem skilur okkur að. Í ár fagnar Ísland 80 ára lýðveldisafmæli. Við erum stolt, sjálfstæð þjóð en við erum líka stolt af sögunni og af norræna menningararfinnum sem við eigum hlutdeild í með ykkur. Við vitum fyrir víst að staða Íslands er sterkari þökk sé nánú samstarfi við frændur okkar á Norðurlöndum.

Mér finnst líka gaman að segja frá því að ég er sjálf ein af þeim gæfusömu Íslendingum sem búið hafa um tíma í Danmörku og ég naut þess til hins ítrasta. Þið Danir búið við mestu lífsgæði sem um getur – og heimsins besta „hygge“ eða „huggulegheit“. Svo má bæta því við að amma mín var á sínum tíma ættleidd og alin upp af „en dansk købmand“, sem hét Carl Jensen. Hún hét Ína Jensen og ættbogi hennar, sem er orðinn ansi stór, vísar gjarnan stoltur til sín sem Jensen-fjölskyldunnar. Svo ef eftirnafn mitt, Tómasdóttir, reynist ykkur tungubrjótur þá skuluð þið bara kalla mig Höllu Jensen, allavega hér í Danmörku!

Þið Danir hafið lengi verið þekktir fyrir frábæra byggingarlist og hönnun sem er eftirsótt um allan heim. Á síðustu áratugum hefur dönsk kvikmyndagerð líka skarað fram úr á alþjóðavettvangi, svo við hin hljótum að spyrja okkur hvernig þið farið að þessu. Aukin samvinna undanfarið á þessu sviði hefur skilað góðum árangri alls staðar á Norðurlöndum. Hið svokallaða „norræna noir“ hefur líka notið vinsælda, bæði í kvikmyndum en ekki síður skáldskap. Svo má nefna að heimsbyggðin virðist aldrei fá nóg af víkingasögum, þeim sameiginlega menningararfi okkar. Það er óneitanlega fyndið að Norðurlöndin, sem nú eru kannski þekktust fyrir friðsæld, skuli á sama tíma gera að útflutningsvöru frásagnir af forfeðrum sem voru allt annað en friðelskandi. Ætli þetta teljist ekki sjálfsmyndarþversögn, eins og margar þjóðir glíma við.

Þetta er mín fyrsta ríkisheimsókn. Ég tók við embætti forseta Íslands fyrir aðeins rúmum tveimur mánuðum. Sem kvenforseti feta ég í fótspor Vigdísar Finnbogadóttur en hún var fyrst kvenna kjörin þjóðhöfðingi í almennum, lýðræðislegum kosningum. Ég er ákaflega stolt af því að eiga Vigdís sem fyrirmynd en ég finn líka til ábyrgðar. Ekki síst hér í Danmörku, landi sem Vigdís tengdist traustum böndum, þökk sé innilegri vináttu við hennar hátígn Margrétu drottningu, eða Margrétu Þórhildi eins og við nefnum hana á Íslandi. Því Margrét var á sínum tíma okkar prinsessa líka og ber íslenskt nafn. Hvorug þessara merku kvenna

er með okkur hér í kvöld en við finnum fyrir návist þeirra og hlýju ævinlega þegar vinasamband Danmerkur og Íslands ber á góma.

Það gleður mig einlæglega að geta heiðrað þessa tvo kvenleiðtoga með örfáum orðum því ég trúi því staðfastlega að jafnri stöðu kynjanna fylgi mikilvæg og þörf breyting á því gildismati sem er grunnur samfélagsins. Í jöfnu samfélagi, þar sem öll fá að njóta sín og eru metin að verðleikum óháð kyni, erum við líklegri til að láta okkur varða um hag hvers annars og jarðarinnar sem við byggjum. Og við erum mun líklegri til að búa til betri heim ef við virkjum sköpunargáfu listamanna, hönnuða, arkitekta – og okkar allra. Jafnrétti er lykill að friðsamara, réttlátara og sjálfbærara samfélagi.

Við megum vera þakklát fyrir að þessi gildi eru í hávegum höfð hjá æskunni, „de smukke unge mennesker,“ eins og ykkar ástkæri Kim Larsen orðaði það svo vel. Engu að síður er ég hugsí yfir því sem er að gerast hjá ungu kynslóðinni okkar. Á hverjum degi heyri ég sögur af ungmönnum sem upplifa vaxandi kvíða, ofbeldi, einmanaleika og afskiptaleysi. Þetta unga fólk er að missa trúna á framtíðina sem bíður þeirra. Manni virðist líka sem kynslóðirnar tali æ minna saman. Er það ekki kaldhæðnislegt að nú á tímum, þegar við erum stöðugt tengd gegnum snjallsímana okkar og samfélagsmiðla, skuli fólk almennt vera að upplifa tengslarof? Þessi heimsfaraldur einmanaleika kemur sérstaklega hart niður á ungu kynslóðinni.

Ég býð ekki fram neina töfralausn en ég hef trú á því að við verðum að mæta þessum áskorunum með *kærleika*. Því staðreyndin er sú að kærleikurinn er óþrjótandi auðlind og öll höfum við þörf fyrir meiri mennsku og vináttu. Látum kærleika og gæsku vera okkur leiðarljós.

Þá sný ég mér aftur að sjálfsmyndinni. Hér í upphafi talaði ég um menningarfyrrbrigðið „norrænt noir“ sem er víst einn hluti af sjálfsmynd okkar. Það kann að vera að við komum stundum öðrum fyrir sjónir sem svolítið alvarleg og meinhæðin. En höldum því til haga að í skammdegismyrkrinu hér nyrðra er það ekki bara kalt mat á aðstæðum og svartur húmor sem heldur okkur gangandi, öðru nær. Við þrífumst á hlýjunni. „Norræn hlýja“ hljómar kannski ekki eins grípandi og „norrænt noir“ í skáldskap og kvikmyndum en það er samt einmitt þessi hlýja, umhyggja og samvinna sem tengir okkur og gerir köldu löndin okkar lífvænleg.

Þannig verður það og þannig hefur það verið. Í *Hávamálum*, þar sem finna má vísdom Óðins og varðveitt eru í Snorra-Eddu, má finna norræna speki sem við höfum þekkt í meira en þúsund ár. Það er áherslan á að vinir skuli huga hver að öðrum. Ég leyfi mér að fara með erindið á íslensku:

Veistu ef þú vin átt,
þann er þú vel trúir,
og vilt þú af honum gott geta,
geði skaltu við þann blanda
og gjöfum skipta,
fara að finna oft.

Ég bið öll þau sem viðstödd eru að rísa á fætur og lyfta glasi til heiðurs
hans hátign Friðriki 10. af Danmörku og Mary drottningu. Skál fyrir
konungi og drottningu! Skál fyrir vináttunni! Skál!